

Ár 2012, föstudaginn 16. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör landgræðslustjóra

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Landgræðsla ríkisins er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 17/1965. Heyrir því undir kjararáð að ákveða laun landgræðslustjóra.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 22. apríl 2011 frá landgræðslustjóra. Í bréfinu er í fyrsta lagi farið fram á afturköllun launalækkunar frá árinu 2009 sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Í öðru lagi var með bréfinu gerð grein fyrir auknu umfangi í starfsemi Landgræðslu ríkisins á undanförunum árum. Í ljósi þessa óskaði landgræðslustjóri endurskoðunar á launakjörum sínum.

Í bréfinu kemur fram að umfang starfsemi Landgræðslu ríkisins hafi aukist verulega á undanförunum árum. Stofnunin sé í formlegu samstarfi við um 650 bændur víðs vegar um landið og reki héraðssetur á sex stöðum á landinu. Landgræðslan hafi alþjóðavæðst á síðustu árum og eigi nú í umfangsmiklu, formlegu samstarfi við háskóla- og vísindastofnanir í Bandaríkjunum, Evrópu, Ástralíu og Nýja Sjálandi. Á undanförunum árum hafi landgræðslustjóri sótt fjölda námskeiða á sviði stjórnsýslu, fjármála og mannauðsstjórnunar í þeim tilgangi að veita samfélaginu betri þjónustu á erfiðum tímum. Sífelldu séu gerðar meiri kröfur til forstöðumanna og ábyrgð þeirra aukin. Núgildandi röðun embættis landgræðslustjóra í launaflokk taki ekki tillit til þess aukaálags sem fylgi því að veita forstöðu stofnun með höfuðstöðvar úti á landi. Landgræðsla ríkisins sé stjórnsýslustofnun og veiti stjórnvöldum margvíslegar upplýsingar og ráðgjöf sem krefjist allmargra ferða í viku til Reykjavíkur. Vinnudagarnir verði því oft æði langir auk þess sem starfinu fylgi mikið símaálag utan hefðbundins vinnutíma.

Með bréfum dagsettum 9. maí 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og umhverfissráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis landgræðslustjóra, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 18. maí 2011. Í bréfinu sagði að fjármálaráðuneytinu væri ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Landgræðslu ríkisins hefði breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun framkvæmdastjórans að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans. Í svari umhverfissráðuneytis dagsettu 30. september 2011 er tekið undir það sem fram kemur í áður nefndu bréfi landgræðslustjóra.

Með bréfi dagsettu 14. október 2011 fékk landgræðslustjóri send svör ráðuneytanna til kynningar. Jafnframt var honum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum.

III.

Landgræðsla ríkisins heyrir undir umhverfissráðuneytið og starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Í 1. gr. laga nr. 17/1965 segir að tilgangur laganna sé að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp eydd og vangróin lönd. Tilgangur laga nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna. Starfsemin skiptist í sandgræðslu, gróðurvernd og

gróðureftirlit, sbr. 2. gr. laga nr. 17/1965 og sinnir stofnunin fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknnum og þróunarstarfi á því sviði. Í 2. gr. laganna segir einnig að Landgræðsla ríkisins skuli hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Einnig starfrækir Landgræðslan héraðssetur og starfsstöðvar víðs vegar um landið.

Ráðherra skipar landgræðslustjóra til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 17/1965.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun landgræðslustjóra, en kjaranefnd ákvað honum laun 14. september 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Kjararáð telur að þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi Landgræðslu ríkisins síðan landgræðslustjóra voru síðast ákvörðuð laun gefi tilefni til breytinga á launum hans. Ábyrgð, umfang og álag í starfi landgræðslustjóra hefur aukist og stofnunin starfrækir héraðssetur í flestum landshlutum. Við ákvörðun launa landgræðslustjóra var höfð hliðsjón af launakjörum forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Með ákvörðun kjararáðs 21. desember 2011 breyttust laun þeirra sem undir kjararáð heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 og tók sú ákvörðun gildi 1. október 2011.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun landgræðslustjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2011 skulu mánaðarlaun landgræðslustjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, krónur 669.297 frá 1. júní 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 692.722 frá 1. mars 2012.

Frá 1. júní til 30. september 2011 skal að auki greiða landgræðslustjóra 8 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126, eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal að auki greiða landgræðslustjóra 18 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör landgræðslustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson